



Þóra Þorvaldsdóttir

1925-2014

- Inngangur -
- Minningargreinar -
- Minningarorð -
- Bréf Þóru -
- Sálmaskrá -

Þóra Þorvaldsdóttir fæddist í Hafnarfirði 18. febrúar 1925. Hún lést í Reykjavík 30. ágúst sl. Foreldrar hennar voru Þorvaldur Tómas Bjarnason, 1895-1932, kaupmaður í Þorvaldarbúð í Hafnarfirði og María Víðis Jónsdóttir, 1895-1982, frá Þverá í Laxárdal í S-Þing.

Systkini Þóru eru 1) Dóra, 1922-2014, gift Þóri Hall, 1922-1981. 2) Herdís, 1923-2013, gift Gunnlaugi Þórðarsyni, 1919-1998. 3) Sigríður, 1926-1931. 4) María, 1928-1999, gift Joseph Edward Bradwell, 1921-1993. 5) Þorvaldur Sigurður f. 1933, kvæntur Steinunni Jónsdóttur f. 1933.

Þóra vann árum saman í verslun móður sinnar í Hafnarfirði, á sínum yngri árum, og hjálpaði þannig til við rekstur heimilisins eftir að faðir hennar lést.

Þóra giftist, árið 1949, Nikulási Má Nikulássyni, 1923-2010. Foreldrar hans voru Nikulás Jónsson, 1892-1930, bóndi í Króktúni í Hvolhreppi, og kona hans María Þórðardóttir, 1899-1978, frá Þykkvabæ í Rangárþingi. Már starfaði lengst af við að sprauta vagna Landleiða, og á sumrin sem bílstjóri á Vífilstaðarúttunni. Börn þeirra eru:

1) Már Viðar f. 1949, kvæntur Margrét Ólafsdóttur f. 1952. Dóttir þeirra er Halla Dögg f. 1985. Dætur hennar og Ægis Björns Ólafssonar f. 1985 eru Kamilla Dögg f. 2010 og Katla Margrét f. 2013. Dóttir Más Viðars og Þórdísar Richardsdóttur f. 1951 er Snædís Erla f. 1970, sambýlismaður Lars Gustav Michel Hübinette f. 1964. Dætur þeirra eru Júlía Saga f. 1999 og Klara Agnes f. 2006.

2) María Erla f. 1952, gift Ingólfi Sigurðssyni f. 1953. Börn þeirra eru a) Ingólfur Már f. 1973. Sonur hans og Birnu Bragadóttur f. 1974 er Sindri f. 1995. Sonur hans og Hörpu Ingólfssdóttur f. 1981 er Ingólfur Darri f. 2011. b) Snævar Darri f. 1979, kvæntur Michelle Darlene Ingolfsson f. 1982. Sonur þeirra er Nolan Darri f. 2013. c) Kara f. 1989, unnusti Ólafur Örn Ólafsson f. 1986.

3) Þorvaldur Tómas f. 1954, kvæntur Ulla Britt Jakobsson f. 1953. Dætur Þorvalds og Lise-Lott Andersson f. 1959 eru a) María Birgitta f. 1981. Synir hennar og Johan Malkolm Lagbrant f. 1975 eru Lias Nikulás f. 2007 og Mio Vidar f. 2011. b) Erika Elisabet f. 1984 í sambúð með Ove Markus Erik Lindqvist f. 1982. Sonur þeirra er Jonah Erik Vidar f. 2013.

4) Nikulás *Úlfar* f. 1956, kvæntur Þorbjörgu *Sóleyju* Ingadóttur f. 1956. Börn þeirra eru a) Eva Björk f. 1982. Sonur hennar og Yohann Peyron f. 1981 er Úlfar Alex f. 2011. b) Þóra Rún f. 1984, sambýlismaður Kristján Egill Karlsson f. 1984. Börn þeirra eru Sóley f. 2010 og Baldur Kári f. 2013. c) Ingi Már f. 1987, sambýliskona Fjóla Lára Ólafsdóttir f. 1988. Börn þeirra eru Emelíta Sóley f. 2010 og Nikulás Ólafur f. 2012. d) Krístrún f. 1990, unnusti Arnar Magnússon f. 1985.

5) Halla Þóra f. 1957, gift Ágústi Kárasyni f. 1957. Börn þeirra eru a) Davíð Orri f. 1982, sambýliskona Elsa Rún Gísladóttir f. 1983. b) Már *Nikulás* f. 1988. c) Þóra Karen f. 1994.

6) Hafsteinn f. 1960, sambýliskona María Þorleifsdóttir f. 1954. Dóttir þeirra er a) Ragnhildur Þóra f. 1986, sambýlismaður Örn Hólm Þorbergsson f. 1981. Þeirra sonur er Ari Hólm f. 2012.

7) Sigríður Svala f. 1973, gift Óskari Dagssyni f. 1952. Sonur þeirra er Davíð Már f. 1995.

Útför fór fram frá Háteigskirkju 18. sept. 2014.

Már Viðar Másson

Við þau skil sem nú hafa orðið - er mér helst í huga móðir mín hetjan. Fyrstu átta ár hennar voru góð í skjóli hraunbrúnarinnar í Hafnarfirði. Fjölskyldan veitti einnig skjól - bæði nær og fjær. Í miðri kreppu hafði fjölskylda Þorvalds og Maríu það gott. Bæði dugnaðarforkar og félagar í flestum félögum góðborgara Hafnarfjarðar. Og móðir mín var í marki í fyrsta kvennaliði FH í handbolta. Lífið lék við þau.

En hættan leynist víða. Þorvaldur afi lést aðeins 36 ára gamall. Nú voru góð ráð dýr. Með aðstoð fjölskyldunnar í Reykjavík, og Guðmundar starfsmanns Þorvaldarbúðar, tókst þó að halda búðinni. Þóra, móðir mín, vann þar alla daga frá 15 ára aldri og þangað til hún giftist, 24 ára gömul. Það var stutt á milli Brekkugötuheimilisins og búðarinnar við Strandgötu og mamma lét sér vel líka. Með þessu móti hélt heimilið reisu sinni og tvær systur mömmu luku leikaranámi og önnur þeirra prófi í píanóleik að auki. Fleira kom til, því hin systkinin voru dugleg að vinna í sumarleyfum sínum.

Í hjónabandi sínu eignaðist móðir mín sjö börn með föður mínum. Með samhlýðni fjölskyldunnar bjó hún alla tíð í rúmgóðu húsnæði. Ömmubörnin urðu 16 og langömmubörnin eru einnig orðin 16. Öllu þótti þessu fólki afskaplega vænt um ömmu Þóru og voru daglegir gestir á heimili foreldra minna. Mamma var mikil félagsvera og mætti alltaf í afmæli afkomendanna og var þar hrókur alls fagnaðar.

Þegar Þóra móðir mín var 22ja ára fór hún til Danmerkur og var sumarlangt í Sorø husholdningsskole ásamt 18 öðrum íslenskum stúlkum. Þótt skólinn stæði ekki lengi, hafði hann mikil áhrif á stúlkurnar, og mamma eldaði uppúr bókinni sinni alla tíð. Það var hallæri í Danmörku í stríðslok og því varð besta lexían ráðdeildarsemi. Stúlkurnar 19 mynduðu klúbbinn Sorø-systur og hittust 13. hvers mánaðar upp frá því. Geri aðrir betur! Konurnar heimsóttu skólann sinn á 25 ára afmæli sínu 1972, og aftur á 50 ára afmæli sínu 1997. Það ár birtist grein í Mbl. sem rakti heillaríka sögu klúbbsins.

Þegar foreldrar mínir fluttu úr fjölskylduhúsinu Þórsgötu 17 í íbúð í Bólstaðarhlíð 41 var móðir mín nálægt sjötugu. Vegna þess hversu félagslynd hún var, átti hún fljótlega hug og hjörtu fólksins í húsinu, og var lengi nefnd unga frúin í húsinu. Hún tók þátt í viðhaldi hússins (hafði iðnaðarmennina á sínu bandi), las upp á samkomum, sýndi föt á tískusýningum og mætti alltaf í félagsvistina. Það kom í ljós þegar hægði á henni, að velvild átti hún inni hjá íbúum og starfsfólki félagsmiðstöðvar.

Heimili mömmu var félagsheimili. Þar var stöðugur gestagangur, jafnvel þótt stór barnaskarinn sé ekki meðtalinn. Vinir og ættingjar, nær og fjær, litu inn og þáðu kaffi. Stóra íbúðin á Þórsgötu 17, og litla íbúðin í Bólstaðarhlíð 41, fylltust af gestum hvað eftir annað, og fáir dagar liðu þannig að ekki kæmu einhverjir gestir. Mamma bjó alla tíð miðsvæðis og allir voru velkomnir í heimsókn. Það á eftir að reynast eftirlifendum erfitt að sætta sig við að eiga mömmu ekki lengur að. Hvert fer maður þá í kaffi?



María Erla Másdóttir

Fallega móðir mín, vinkona mín og hetjan mín er farin.

Mamma var einstaklega jákvæð og skemmtileg. Vildi helst ekki tala um neitt neikvætt.

Ég á margar góðar minningar um mömmu. Á æskuárunum var mikið öryggi í því fólgið að matar- og kaffitímar voru alltaf á sínum stað. Á hverjum sunnudegi bakaði mamma kökur fyrir hópinn; súkkulaðitertu, kannelsnúða o.þ.h. Á kvöldin smurði hún fjall af samlokum handa okkur systkinunum að taka með í skólann. Ef mig langaði í einhvern fatnað, var það lítið mál, mamma saumaði hann á einu kvöldi. Fyrir jólin saumaði hún jólaföt á okkur öll, ullarfrakka með flauelskraga, hvítar skyrtur og fínar buxur á strákana og fallega kjóla á okkur stelpurnar. Fyrir ein jólin heklaði hún rauða og hvíta kjóla á allar dúkkurnar okkar, um 15 kjóla!

Mamma var alltaf komin framúr á undan öllum, klædd og fín, og ég finnst ennþá góða angan af Nivea-kreminu sem hún setti á sig á morgnana.

Mamma var góð söngkona, enda kom hún oft fram í skóla sem barn og unglingur og söng. Það var svo gott að hlusta á hana syngja í eldhúsinu og taka undir með lögnum í útvarpinu.

Mamma stóð alltaf með mér í því sem mig langaði til að taka mér fyrir hendur. Hún hugsaði vel um sitt fólk og var ánægðust þegar barnahópurinn og barnabörnin voru allt í kringum hana. Og ekki reyndist hún móður sinni síðri þegar hún bauð henni inná heimili sitt, þar sem hún hjúkraði henni síðustu ár hennar.

Seinna, þegar ég var orðin fullorðin, ferðuðumst við oft saman innan lands sem utan. Mamma var skemmtilegur ferðafélagi og það var aldrei neitt vandamál fyrir hana að leggja í hann með litlum sem engum fyrirvara. Við fórum líka saman í heimsóknir til ættingja og vina eftir að pabbi hætti að aka. Ég hafði sérstaka ánægju af heimsóknum til vinkvenna mömmu, enda fékk ég þá að heyra margar skemmtilegar sögur af þeim, einkum frá fyrri tímum. Aldrei fór ég í bæinn án þess að koma við hjá mömmu í kaffi og spjall. Við höfðum gaman af því að tala um bækur sem við höfðum lesið. Og svo skröfluðum við saman.

Mamma bjó lengur heima en annars hefði verið vegna hjálpar yndislegra vinkvenna í félagsmiðstöðinni í Bólstaðarhlíð. Hafís og Mona í eldhúsinu, ásamt öðrum starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar, fóru langt fram úr vinnuskyldum sínum þegar þær réttu henni hjálparhönd. Og vinkonur hennar í húsinu heimsóttu hana og studdu. Sérstakar þakkir vil ég færa Ingibjörgu, nágrannakonu hennar, sem kom við og sá til þess að mamma mætti í mat og kaffi.

Ég á eftir að sakna heimsóknanna til móður minnar.

- 0 -

Sigríður S. Másdóttir

Mamma mín! Þegar ég var lítil fór ég með ykkur pabba til Englands. Við fórum í skemmtigarð og þar settuð þið mig í lítinn bíl sem fór lítinn hring eftir teinum með nokkrum beygjum. Ég hélt auðvitað að ég þyrfti að stýra bílnum og tók það starf mjög alvarlega. Ég stýrði og stýrði svo bíllinn færi ekki útaf. Þetta vakti mikla kátínu ykkar sem horfðu á. Þú tókst mynd af mér þar sem ég tek vinstri beygju með miklum tilprifum. Þessi mynd er ennþá til og vekur alltaf jafn mikla kátínu.

Þakka þér fyrir tímann sem við áttum saman á Þórsgötu. Ég minnst þess þegar við gerðum jólapoka, settum sælgæti í þá og hengdum á tréð inni í stofu.

Svo man ég allar Svíþjóðarferðirnar okkar til bræðra minna. Við hjóluðum saman um allar trissur. Ég á góðar minningar um þessar ferðir. Þakka þér fyrir það.

Undir lokin þurftir þú aðstoð mína. Mér þótti vænt um að mega endurgjalda þér allt það sem þú hafðir gert fyrir mig; knúsa þig, styðja og hugga. Ég veit að þér líður vel núna. Nú ertu komin til pabba - og ég bið að heilsa honum. Þið eigið sérstakan stað í hjarta mínu. Vertu sæl!

Davíð biður fyrir kveðju. Hann segir oft söguna af því þegar ég fyllti stígvélin hans af vatni, þegar við vorum saman í Svíþjóð. Að sjá svipinn á honum þegar hann ætlaði í stígvélin og sá hvers eðlis var! Hann trúði þessu ekki á mömmu sína, en hún gat verið stríðin! Þú ætlaðir að springa úr hlátri þegar þú sást viðbrögð hans. Þá skildi hann að þetta var til gamans gert. Hann þakkar fyrir ferðina til Legolands og allar gönguferðirnar í Bólstaðarhlíðinni.

Þorbjörg Sóley Ingadóttir

Tengdamóðir mín hún Þóra er nú fallin frá á níftugasta aldursári. Mér er minnisstæð sú stund er ég kom fyrst inn á hið fallega og hlýlega heimili tengdforeldra minna á Þórsgötunni fyrir 37 árum. Það er margt sem stendur upp úr í minningunni um þessa sterku fallegu konu en dugnaður, jákvæðni og bjartsýni er það sem streymdi frá henni. Hún kvartaði aldrei og var alltaf tilbúin að hjálpa öðrum. Þrátt fyrir að eiga sjálf stóran barnahóp munaði hana aldrei um að bæta við fleiri diskum við borðið eða að aðstoða þar sem hjálpar var þörf. Hún gaf engum eftir í að sinna menningu og listum og það átti líka við eftir að hún var orðin veik – hún náði með sinni einstöku jákvæðni og víðsýni að njóta alls þess sem mögulegt var. Barnabörnunum sínum veitti hún mikla athygli og þau áttu sinn stað í hennar hjarta og hún í þeirra. Hún söng oft fyrir þau og það sem kemur fyrst upp í hugann eru ljóðlínurnar: „Sól úti, sól inni, sól í hjarta, sól í sinni, sól meiri sól.“ Inntak þessara vísuorða lýsir Þóru einmitt svo vel, hún var alltaf sólmegin í lífinu. Hennar lífssýn var að líta á björtu hliðarnar, nota öll tækifæri sem gáfust til að ferðast, fræðast og fyrir alla muni að hafa gaman. Það var henni mikið kappsmál að hafa fjölskylduböndin sterk og hún notaði hvert tækifæri til þess að meðlimir stórfjölskyldunnar kynntust og þekktust.

Þegar hún flutti í Bólstaðarhlíðina fyrir rúmum tuttugu árum var hún gjarnan kölluð „unga konan í blokkinni“, hún var þar allt í öllu og sem fyrr alltaf tilbúin að hjálpa. Hún átti það til á sunnudögum að boða íbúana í kaffi úti í garði með litlum fyrirvara til að hittast og kynnast.

Þóra átti erfitt með að setta sig við heilsubrestinn síðastliðna mánuði þótt hún hefði ekki mörg orð um það. Alveg til hinstu stundar var hún skýr og hafði skoðanir á lífinu og tilverunni.

Við söknum hennar óendanlega mikið. Hún hefur nú rétt okkur keflið sem eftir lifum, að halda áfram í hennar anda.

Takk fyrir allt.

- o -

Halla Dögg Másdóttir

Ég mun aldrei gleyma fallega hárinu þínu. Ég mun aldrei gleyma hringjunum á fingrum þínum, sem snéru öfugt, og ég var alltaf að snúa þeim við. Ég mun aldrei gleyma rommí spílinu okkar, eða því þegar þú kenndir mér að stokka spil. Ég sat á móti þér - og hef síðan stokkað eins og ég væri örvhent! Ég mun aldrei gleyma sjónvarpsglápinu okkar saman eða þegar þú fórst að hrjóta í stólnum við hliðina á mér. Ég mun aldrei gleyma öllum tímanum sem við eyddum saman í að pútta úti á túni. Ég mun heldur aldrei gleyma öllum símtölunum okkar, við gátum malað endalaust saman og hlegið út í eitt. Ég mun aldrei gleyma bragðinu af ömmu Þóru súkkulaðikökunni þinni. Eða hvernig þú slóst létt á puttana ef ég ætlaði að fara að pota í kremið. Ég mun aldrei gleyma því hversu góð fyrirmynd þú varst. Ég mun aldrei gleyma því hversu stolt þú varst þegar þú hélst á dætrum mínum í fyrsta sinn og hversu mikla gleði þær hafa fært þér. Ég mun aldrei gleyma fallega brosinu þínu, englahárinu og fallegu röddinni þinni. Ég mun aldrei gleyma þér elsku hjartans amma mín.

- o -

Snævar Darri, Michelle og Nolan Darri

Elsku amma mín! Takk fyrir allar yndislegu stundirnar sem við áttum saman í gegnum árin. Allar sögurnar sem þú sagðir mér þegar ég kom í heimsókn. Sögurnar af þér sem ungri stúlku í leit að ævintýrum. Stundirnar á Þórsgötunni þegar þú varst að passa mig. Þú kenndir mér að leggja kapal. Þessar minningar munu alltaf vera partur af ferð minni í gegnum þetta stórskrítna og fallega líf. Þó svo að ég óski þess að hafa átt fleiri stundir með þér er ég svo þakklátur fyrir þær sem við náðum að eiga saman. Hlakka til að segja Nolan Darra, syni mínum, frá fallegu, heiðarlegu og sterku konunni sem ég kallaði ömmu Þóru.

Snædís Erla Másdóttir

*„Ef ég væri orðin lítil fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.“*

Þetta var *lagið þitt*, amma mín! Það minnir mig á þig, því þú raulaðir það svo oft.

Mig langar að rifja upp nokkrar minningar sem ég geymi um heimsóknir mínar til þín, þegar ég var lítil. Það var alltaf eitthvað í gangi. Þú varst sífellt á hreyfingu, þér féll ekki verk úr hendi. Þú varst ávallt hress. Þú bakaðir, þvoðir og þreifst. Verslaðir, saumaðir og eldaðir. Og mér þótti gaman að vera með og hjálpa til. Sitja uppi á eldhúsborði og hræra í kökudeiginu. Hjálpa þér með þvottinn upp á loft, þar sem þvottahúsið var. Ég finn ennþá lyktina og heyrt hljóðið í þvottavélinni. Ég man eftir krækjunum á glugganum, þar sem ég sat og horfði á himininn, og þökin á húsunum á móti.

Sérstök minning er skógeymsla með rennilás og hékk frammi á gangi. Hún var full af skóm. Ég elskaði skó þá – og geri reyndar enn. Að draga niður rennilásinn, skoða, og ég tali nú ekki um, að fara í og máta hælaskóna – það var hátíð! Ég varð að ganga í þeim fram í eldhús, því þar var ekki gólfteppi, til að heyra betur hljóðið í háu hælunum. Það átti að heyrast í hælunum á fínum skóm!

Ég var örugg þegar ég var hjá þér, því ég heyrði alltaf í þér, og vissi alveg hvað þú varst að gera. Heyrði skrölt og glamur úr eldhúsinu. Ef útvarpið var á, söngst þú með í lögnum, sem þar voru leikin. Þegar litlu búrfuglarnir skyldu fá bita af epli eða gúrku, kallaðir þú á mig, því mér þótti svo gaman að fá að gefa þeim. Svo fékk ég líka að smakka.

Ég man eftir stelpu sem bjó beint á móti á Þórsögötunni og þú passaðir stundum. Hún var eldri en ég og flinkari að lita í litabækurnar. Ég kvartaði eitthvað. Var svolítið afbrýðisöm út í hana, því ég vildi eiga þig ein. „Reyndu að lita ekki útfyrir“, sagðir þú, til að hjálpa mér. Ég reyndi eins mikið og ég gat og gleymi ekki þegar þú sagðir loksins: „Nú hefur þú litað vel, alls ekkert útfyrir.“ Montin var ég!

Það dásamlega er, amma mín, að þú varst til staðar fyrir svo marga! Þótt þú værir upptekin við störfín, gafst þú þér samt sem áður tíma til að vera með okkur. Þú tókst til dæmis að þér að naga af súkkulaðið sem mér fannst vont á frostpinnanum. Þú spilaðir við okkur, spjallaðir og sagðir sögur. Í kaffitímanum var alltaf kókó á borðum og með því góðu samlokurnar þínar með kæfu á milli. Og stundum bakaðir þú líka góðu brúntertuna - sem fáir munu gleyma. Allt hefur þetta haft áhrif á börnin þín, barnabörnin og langömmubörnin.

Amma mín! Ekkert vandamál var of stórt í þínum huga. Þú gerðir einfaldlega hlutina, og þér tókst að gera það á svo jákvæðan hátt. Þú hafðir hæfileika til að líta á lífið frá björtu hliðunum. Að kvarta, það var ekki *lagið þitt*.

Ég elska þig, amma mín! Við Micke, Júlía og Klara eigum eftir að sakna þín mikið.

- 0 -

Þorvaldur bróðir

Hún Þóra systir mín er látin 89 ára gömul og þar með eru þær allar fimm horfnar, Þorvaldsdætur og Maríu Víðis, fallegu stúlkurnar á Brekkugötu 10 í Hafnarfirði. Dóra var elst, fædd 1922 og lést í júní 2014. Hún ólst upp hjá afa sínum og ömmu, Jóni Þveræingi og Halldóru Sigurðardóttur og syni þeirra og móðurbróður, Jóni Víðis.

Herdís, leikkona, fædd 1923 og lést í apríl 2013, en Þóra fædd 1925 og lést núna 30. ágúst sl. Sigríður fæddist 1926, en lést aðeins fjögurra ára gömul. María fæddist 1928, en lést í fjöllunum í Washington-ríkis í Bandaríkjunum hjá börnum sínum 1999. Þrjár elstu systurnar fæddust með rúmlega árs bili og eru nú horfnar á einu og hálfu ári. Ég er litli kútur, fæddur 1933, en faðir okkar dó í október 1932. Ég ólst upp á Brekkugötu með systrunum, móður og ömmusystur og líkaði vel.

Þóra var falleg, áhugasöm og dugleg stúlka, hjartagóð og hugulsöm stóra systir. Þóra var falleg og hugulsöm roskin kona, áhugasöm, vinmörg og góð móðir sjö barna. „Hún Þóra systir þín er yndislegasta manneskja sem ég hef kynnst“, segir Steinunn konan mín. Þannig minnst flestir Þóru. Það er söknuður að svona konu en þó aðallega góðar jákvæðar minningar. Blessuð sé minning hennar og þeirra allra, stúlnanna.

Þóra Karen Ágústsdóttir

Elsku amma, það er svo skrítið að þú sért farin frá okkur, það er eins og það hafi verið í gær sem ég sat hjá þér og við héldumst í hendur allan tímann, heitu mjúku ömmuhendurnar sem kreistu mig af og til.

Þú varst fyrsta manneskjan til þess að halda á mér nýfæddri, þú tókst nánast á móti mér. Ég fékk ósjaldan að heyra frá þessum degi. „Þú varst svo hrein að það þurfti ekki einu sinni að baða þig,“ sagðir þú alltaf, og þegar ég var komin í heiminn þá hljópstu fram á gang til þess að hringja í pabba, sem var staddur fyrir norðan, og misstir af því þegar fylgjan kom. Þú sem ætlaðir að sjá allt saman, sjálf búin að eignast 7 börn.

Þegar ég var yngri og bjó úti á landi var alltaf svo gott að koma og gista hjá ömmu og afa. Lyktin var svo hlýleg, hljóðin í klukkunni hans afa voru óvenju notaleg, þéttu knúsin, yndislegu morgunstundirnar og það sem stendur uppúr eru göngutúrarnir sem við fórum í saman með fólkinu úr blokkinni. Að vakna heima hjá ömmu og afa í Ból var alltaf svo skemmtilegt!

Ég hoppaði af spenningi þegar þið afi komuð síðan í heimsóknir á Sauðárkrók í nokkra daga, ég lét alla vita í skólanum að amma MÍN væri sko að koma, því ég á líka ömmu eins og þið. Og þegar við fórum í göngutúra um bæinn þá var ég svo stolt í hjartanu með þig við hlið mér.

Þegar ég hugsa til baka þá er ég svo rosalega þakklát fyrir að hafa fengið þetta síðasta ár okkar saman. Ég gat farið hvenær sem er í heimsókn til þín því ég bjó loksins í sama bæ og þú. Mér finnst ég hafa kynnst þér betur, orðið betri vinkona þín og það var alltaf svo gott að tala við þig.

Við sátum oft og töluðum og töluðum um allt milli himins og jarðar, og alltaf labbaði ég út í betra skapi því þú komst manni alltaf í gott jafnvægi. Ég man þegar við sátum saman í byrjun janúar á þessu ári og ég spurði þig hvað þú værir nú að verða gömul núna í febrúar. 89 sagðir þú.

Ég man ég sagði: „Vá, amma! Ég er 19 ára og þú 89, það eru 70 ár á milli okkar, en samt finnst mér eins og ég viti svo mikið um lífið.“ Þú brostir til mín og sagðir mér að ég ætti sko eftir að upplifa svo mikið, bæði yndislega hluti og slæma hluti. „Þú ert bara rétt að byrja!“ sagðirðu.

Þegar ég var komin heim þá gat ég ekki hætt að hugsa út í þetta, en þetta opnaði á mér augun og ég tek á móti framtíðinni með opnum örmum. Núna, þegar þú kvaddir okkur, var einn af þessum slæmu hlutum, ég missti ömmu mína og vinkonu mína. Mig langar bara til að þakka þér fyrir að kenna mér, fræða mig og þakka þér fyrir að hafa alltaf verið til staðar þegar ég þurfti.

*Við lífsins stiga ætlum að þramma
og þar með okkur verður þú
okkar elsku amma.
Þú alltaf í huga okkar ert.
Þú hjörtu okkar hefur snert
með góðmennsku og hjartavernd.
Hér og nú ertu heimsins besta amma nefnd.
Þú ert sem af himnum send.*

Við sjáumst vonandi aftur og þá getum við fengið okkur kaffibolla og ég get sagt þér hvað framtíð mín bar í skauti sér og hvað ég lærði síðan ég var 19 og þú 89. Eins og þú sagðir einu sinni: Enginn veit sína ævina.

Góða ferð, amma. Þín nafna, Þóra Karen Ágústsdóttir



Þórdís Richardsdóttir

Mig langar að minnast fyrrverandi tengdamóður minnar, Þóru Þorvaldsdóttur, með nokkrum orðum. Þegar ég kynntist Þóru bjó hún og fjölskyldan á Þórsgötu 17 og þangað kom ég sem kærasta elsta sonarins, Más Viðars, tæplega 16 ára gömul. Eldhúsið var sannkallað hjarta heimilisins og þar tók Þóra á móti mér og gaf mér að borða. Samstundis var rýmt til við fjölmennt borðið, mig minnir að það hafi verið kringlótt, settur fram diskur, glas og hnífapör og svo sat ég allt í einu í systkinahópnum miðjum.

Þóra var áhugasöm og ræðin og tók mér, unglingsstúlkunni, afskaplega vel og móðurlega. Ég fann að ég var velkomin. Ég man vel eftir súpu sem Þóra bjó til og sem mér þótti nýstárleg og góð, bleik í litinn með tómatabragði og makkarónum úti. Þóra bankaði svo á hurðina á herberginu „okkar“ til að bjóða upp á kvöldkaffi og bragðaði ég þar í fyrsta sinn röndóttar samlokur, annar helmingur-inn var rúgbrauð og hinn franskbrauð og heimagerð kindakæfa eða rabbarbarasulta á milli. Um helgar var það súkkulaðiterta með kaffikremi, ekki af verri endanum. Þóra bankaði líka á hurðina ef henni fannst klukkan vera orðin margt og sagði sem svo: „Már! Þarf ekki stúlkan að fara að fara heim?“ Og kærastinn fylgdi kærustunni heim, niður Skólavörðustíg og Klapparstíg og lá leiðin fyrir einskæra tilviljun framhjá versluninni Vörðunni sem seldi barnavagna. Tæpum tveimur árum síðar festum við hjónaleysin þar kaup á kerruvagni handa dóttur okkar, Snædís Erlu, fyrsta barnabarni Þóru og Más. Snædís var að sjálfsgöðu tekin í faðm fjölskyldunnar og það var stutt við okkur ungu foreldrana af heilum hug.

Ég minnst Þóru sem konu sem af ákveðni og útsjónarsemi stjórnaði heimili sínu og barnahópi, þurfti að hafa fyrir hlutunum og var ófeimin að tjá skoðanir sínar og segja fyrir verkum. Mér fannst hún hlý og skemmtileg, hreinskiptin og úrræðagóð. Við Már slitum samvistum þegar Snædís var að verða sex ára, en tengsl mín við Þóru rofnuðu aldrei alveg. Ég held að við höfum sent hvor annarri jólakort og stundum bréf, milli Íslands og Svíþjóðar í meira en 30 ár, og þau hjónin alltaf tekið á móti mér, og eins Snædís og fjölskyldu, með sömu hlýjunni og ég fann strax á Þórs-götunni. Ég þakka Þóru af alhug fyrir væntumþykju hennar og umhyggjusemi í minn garð og fyrir það hvað hún var Snædís góð amma og dætrum hennar, Júlíu og Klöru, frábær langamma. Systkinunum öllum og fjölskyldum þeirra sendi ég innilegar samúðarkveðjur.



Jón Hálfðanarson

Þóra frænka er látin tæplega níræð.

Við Kristín, kona mín, heimsóttum hana á öldrunardeild Landakots deginum áður en hún lést. Hún svaf en hjúkrunarkonan vakti hana og sagði henni að nú væru komnir gestir. Þóra hresstist þegar hún sá okkur, því hún var alltaf félagslynd og reiðubúin að taka á móti gestum. "Ég hef það skítt," svaraði hún aðspurð. Hún skóf aldrei utan af hlutunum. En það glaðnaði yfir henni þegar við rifjuðum upp samvistir okkar á Húsavík þegar Bubbi kom á gamla Willysinum á hverjum degi og ók henni út í búð. "Þeir héldu að hann væri búinn að ná sér í kerlingu!" sagði hún og brosti. Svo reisti hún sig upp og ég hélt í hendurnar á henni og sagði henni að nú gæfi ég henni kraft eins og faðir minn hafði forðum.

Sömu hjartahlýju fann ég hjá Þóru og áður, því hún spurðist fyrir um heilsufar mitt sem hún hafði frétt að hefði ekki verið of beysid. "Nú koma þær og troða í mig súpu eða graut," sagði hún, en sjúkraliðarnir komu inn og bjuggu betur um hana í rúminu. Síðan lagði hún augun aftur og við kvöddum hana.

Þóru hitti ég síðast heima hjá sér fyrr í sumar. Þá var hún hress að vanda og sagði: "Jón minn, nú get ég valið hvort hjartað eða krabbinn tekur mig!"

Já, kynslóðir koma og kynslóðir fara.

Þegar þær systur Sigríður og María, móðir Þóru, voru ungar héldu þær til Danmerkur til að mennta sig og forframast. Mæja uppgötvaði fljótlega að hún var ófrísk og þurfti að snúa aftur heim. Skarð hennar úti fyllti þá „Nýja litla“ eins og Sigga kallaði hana alltaf, yngsta systirin og móðir mín.

Mæja hélt heim, giftist Þorvaldi sínum og síðan fæddust dæturnar hver á fætur annarri með rúmu árs millibili: Dóra, Herdís og Þóra. Seinna María og loks Þorvaldur. En þá var heimilisfaðirinn látinn úr bráðasýkingu. Þau Þorvaldur höfðu rekið bóka- og nýlenduvörubúð í Hafnarfirði og Mæja hélt þeim rekstri áfram í mörg ár. Þóra aðstoðaði móður sína og vann allt frá 15 ára aldri langan vinnudag í búðinni.

Þóra var heitin eftir ömmusystur okkar, Þóru Egyptalandsfara, sem fór utan ung stúlka. Þóra eldri dvaldi langdvölum erlendis og fór víða. Þegar hún var komin yfir fimmtugt sneri hún aftur heim og varð forstöðukona fyrir elliheimilinu á Seyðisfirði. Hún fluttist síðan til Mæju í Hafnarfjörð þegar Þorvaldur var fallinn frá og var þar síðustu árin. Þegar ég bar fyrir nokkrum árum sögur af Þóru eldri undir Þóru yngri og spurði hana um nöfnu sína, svaraði hún spök: "Hvernig á ég að vita það, ég kynntist henni varla, því ég var alltaf að vinna í búðinni. Var nokkurt vit í því?" Svo sýndi hún mér gripi sem hún hafði fengið frá Þóru frænku sinni og henni þótti vænt um.

Þóra giftist Má Nikulássyni og á 24 árum eignuðust þau 7 mannvænleg börn og fríður flokkur er af þeim kominn. Þegar ellið tóku að hrjá Mæju móður hennar, tóku þau Már hana að sér.

Sigga, móðursystir okkar Þóru, bjó á Húsavík með manni sínum Jóhanni Skaptasyni sýslumanni. Þangað lágu leiðir okkar Þóru þegar Jóhann tók banasóttina. Jóhann vildi fá að deyja heima. Sjálfur hafði ég sem barn verið á sumrin hjá Siggu og Jóhanni og var hændur að þeim, því „Nýja litla“ móðir mín dó þegar ég var ungur.

Á hverjum degi komu vinir þeirra hjóna, Bubbi, Silli og Gísli Auðunsson læknir og litu til með okkur. Þennan tíma á Húsavík sótti ég styrk hjá Þóru.

Síðan fór Sigga frænka með okkur Kristínu suður og upp á Akranes. Þar varð hún amman í húsinu síðustu sex árin sem hún lifði. Eftir að Sigga var sest að hjá okkur kom Þóra oft í heimsókn og var alltaf kærkominn gestur. Og meira en það, þegar við hjónin þurftum að bregða okkur til útlanda gætti Þóra bús og barna. Börnin okkar minnast hennar fyrir það hvað hún var hress, hlý og bráðskemmtileg. Það var fjör með hana í húsinu. Og við hjónin vissum að börnin og Sigga amma voru í góðum höndum.

Nú deyjja þær hver af annarri systurnar, fyrst Herdís, síðan Dóra og loks Þóra. Þetta voru miklar konur, hver á sinn hátt. Blessuð sé minning þeirra!

Minningarorð séra Karls Sigurbjörnssonar biskups

Þóra Þorvaldsdóttir f. 18. febrúar 1925, d. 30. ágúst 2014.

Útför frá Háteigskirkju 18. september kl. 13.

Bundin böndum hryggðar og hluttekningar söfnumst við hér og fylgjum Þóru Þorvaldsdóttur, sem hér á sína síðustu líkamsdvöl á jörðu. *Þó að söknuðurinn sé sár, þá er það umfram allt kærleikur og þakkarhugur, trú og von, birta og gleði sem umvefur Þóru Þorvaldsdóttur og ber uppi þessa samverustund.* Það var bjart yfir henni, æðruleysi, jákvæðni og lífsgleði var henni í blóð borin, henni var ætíð umhugað að horfa til birtunnar og hins góða og beina sjónum samferðarfólks síns til þeirrar áttar. Allt það er okkur svo hugstætt nú. Við kveðjum hana og felum hana frelsaranum Jesú Kristi, sem er uppspretta allrar birtu og gleði. „Ég er ljós heimsins,“ sagði hann um sjálfan sig og boðskapur hans er eilíft ljós og fölskvalaus gleði. Fagnaðarerindi nefndi hann boðskap sinn, gleðiþóðskap, gleðifrétt um birtuna og gleðina eilífu sem engan skugga ber á. Birtuna og gleðina sem gleði og gæfa jarðardaga er skuggi af og óljós ómur. Um það vitna þessi stund og staður. Friður Guðs sé yfir og allt um kring og umvefji Þóru Þorvaldsdóttur og ykkur öll sem hún unni.

Þóra Þorvaldsdóttir fæddist 18. febrúar árið 1925 í Hafnarfirði. Voru foreldrar hennar hjónin María Víðis Jónsdóttir, sem fæddist á Þverá í Laxárdal árið 1895, lést 1982, og Þorvaldur Tómas Bjarnason, kaupmaður, sem fæddur var 1895 í Höfnum á Reykjanesi, og lést langt um aldur fram árið 1932. Þau hjón ráku Þorvaldarbúð við Strandgötu í Hafnarfirði. Þóra var þriðja í röð sex barna þeirra, lifir yngsti bróðirinn, Þorvaldur Sigurður, einn eftir. Guð blessi minningu foreldra og systkinanna sem horfin eru af heimi, ættar og ástarböndin öll. Þóra minntist með gleði bernskudaga í Brekkugötunni í Hafnarfirði. En döprum skugga sló yfir þegar Sigríður, yngri systir Þóru dó, fimm ára að aldri, og ári síðar lést heimilisfaðirinn skyndilega af völdum sýkingar og var yngsta barn hans þá ófætt. Þá var Þóra sjö ára. Það má nærri geta hvílikur harmur þessi þungu áföll hafa verið. Með stuðningi góðra manna tókst Maríu að halda heimilinu og rekstri búðarinnar áfram. Þar tóku systurnar ríkan þátt og ekki lét Þóra sinn hlut eftir liggja, það kom fljótt í ljós sá kraftur, áræði og vinnusemi sem einkenndi hana alla tíð. Upp úr fermingu var Þóra farin að vinna í búðinni og vann þar árum saman. Hún var bráðdugleg og tápmikil stúlka og víst er að öllu því var vel borgið í höndum hennar sem henni var trúað fyrir. Að loknum barnaskóla stundaði hún nám við Flensborg og lagði stund á íþróttir. Lék handbolta með fyrsta kvennaliði FH, þótti öflugur markmaður. Hún var vinsæl og vinmörg og vinföst. Til marks um það er að skólasystur hennar úr barnaskóla héldu saman alla tíð. Rúmlega tvítug hélt Þóra til Danmerkur á hússtjórnarskóla í Sórey, grautarskóla, eins og hún kallaði það. Það var eftirminnilegt sumar með 18 öðrum glaðværum íslenskum stúlkum, sem hittust æ síðan 13. hvers mánaðar alla tíð.

Víst var að hún Þóra var vel búin undir lífsverk sitt sem eiginkona, móðir, húsfreyja á mannmörgu heimili.

Hinn 6. nóvember 1949 giftist Þóra lífsförunaut sínum og gæfu, Nikulási Má Nikulássyni, bílasprautunarmeistara og bílstjóra. Hann var fæddur 8. ágúst 1923, og lést 30. október 2010. Foreldrar hans voru Nikulás Jónsson bóndi í Króktúni í Hvolhreppi og María Þórðardóttir frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ. Már var hlýr og elskulegur öðlingur og þau voru samvalin hjón og samstillt í öllum góðum vilja og verki. Guð blessi minningu hans.

Þeim varð sjö barna auðið, sem eru Már Viðar, María Erla, Þorvaldur Tómas, Nikulás Úlfar, Halla Þóra, Hafsteinn og Sigríður Svala.

Már Viðar er sálfræðingur hér í Reykjavík. Eiginkona Más er Margrét Ólafsdóttir. Dóttir þeirra er Halla Dögg. Sambýlismaður hennar er Ægir Björn Ólafsson, og eiga þau tvær dætur sem eru: Kamilla Dögg og Katla Margrét. Dóttir Más Viðars og Þórdísar Richardsdóttur er Snædís Erla, sambýlismaður hennar er Michel Hübinette. Eiga þau tvær dætur, sem eru Júlía Saga og Klara Agnes.

María Erla er flugfreyja og býr í Garðabæ, gift Ingólfi Sigurðssyni. Börn þeirra eru Ingólfur Már, Snævar Darri og Kara. Sonur Ingólfs Más og Birnu Bragadóttur er Sindri. Sonur Ingólfs Más og Hörpu Ingólfsdóttur er Ingólfur Darri. Snævar Darri er kvæntur Michelle Darlene Ingolfsson, og eiga þau einn son, Nolan Darra. Unnusti Köru er Ólafur Örn Ólafsson.

Þorvaldur Tómas er trésmiður í Höviksnäs í Svíþjóð, kvæntur Ullu Britt Jacobsson. Dætur hans og Lise-Lott Andersson eru María Birgitta og Erika Elisabet. María Birgitta á tvo syni, Lias Nikulás Lagbrant og Mio Vidar Lagbrant. Sambýlismaður Eriku Elisabetar er Ove Markus Erik

Lindqvist og er sonur þeirra Jonah Erik Vidar.

Nikulás Úlfar er arkitekt og skrifstofustjóri í Reykjavík. Eiginkona hans er Þorbjörg Sóley Ingadóttir. Börn þeirra eru fjögur: Eva Björk, Þóra Rún, Ingi Már og Kristrún. Sonur Evu Bjarkar og Yohann Peyron er Úlfar Alex. Sambýlismaður Þóru Rúnar er Kristján Egill Karlsson og eiga þau tvö börn sem eru Sóley og Baldur Kári. Sambýliskona Inga Más er Fjóla Lára Ólafsdóttir og eiga þau tvö börn, sem eru Emelíta Sóley og Nikulás Ólafur. Unnusti Kristrúnar er Arnar Magnússon.

Halla Þóra er bankafulltrúi á Sauðárkróki. Eiginmaður hennar er Ágúst Kárasen. Þeirra börn eru þrjú: Davíð Orri, sambýliskona hans er Elsa Rún Gísladóttir, Már Nikulás og Þóra Karen, unnusti hennar er Jón Þór Þorvaldsson.

Hafsteinn er tæknimaður hér í borg. Kona hans er María Þorleifsdóttir. Dóttir þeirra er Ragnhildur Þóra, sambýlismaður hennar er Örn Hólm Þorbergsson og eiga þau einn son, Ara Hólm

Sigríður Svala er húsmóðir í Kópavogi. Eiginmaður hennar er Óskar Dagsson og er sonur þeirra Davíð Már.

Þetta er stór og mannvænlegur hópur. Sextán barnabörn og jafnmörg barnabarnabörn. Þau öll umvafði hún ástúð sinni. Helgasta hjartarúmið hennar Þóru áttuð þið, hvert og eitt

Fyrstu þrjú hjúskaparárin bjuggu þau Þóra og Már í Hafnarfirði, síðan að Hverfisgötu 40 og loks um tæplega þrjátíu ára skeið á Þórsgötu 17. Heimilinu og fjölskyldunni helgaði hún Þóra líf sinn og krafta. Hljá og góðvild, glaðsinni og gestrisni mætti hverjum og einum sem þar bar að garði, og þeir voru margir. Þóra hlúði vel að öllu sínu af kærleika, vakti yfir velferð sinna til líkama og sálar, fylgdist með högum og kjörum barna sinna, tengdabarna og barnabarna og niðja, áhugasöm og uppörvandi og styðjandi í gleði þeirra og sorgum. Þess minnst þau öll, hópurninn hennar, og þakka dýpstum sefa á kveðjustundu.

María, móðir Þóru átti hlýtt skjól hjá þeim Þóru og Má á Þórsgötu 17 þrjú síðustu æviár sín.

Fyrir rúmlega tuttugu árum fluttust þau Þóra og Már í Bólstaðarhlíð 41 þar sem þau bjuggu síðan. Þóra var kölluð „unga konan“ í blokkinni, ung í anda, lífsglöð, og alltaf boðin og búin að koma nágrönnum sínum til aðstoðar og vílaði ekki fyrir sér smámunina, sló upp kaffiboðum í garðinum, var hrókur alls fagnaðar á samverustum íbúanna. Þar las hún gjarna upp. Hún unni góðum bókum, ljóðum og textum og bar gott skynbragð á.

Þóra kunni vel að fagna góðum dögum og auka og auðga gleði þeirra, en hún kunni líka að mæta því örðuga og mótþræga með æðruleysi. Hún var falleg kona í fasi og framkomu, jákvæð og glaðsinna og hláturmild. Öll neikvæðni og nöldur var fjarri henni. Hún vildi horfa til birtunnar. Það einkenndi hana allt undir hið síðasta, löngu eftir að heilsa hennar og kraftar voru á þrotum.

Már andaðist fyrir fjórum árum. Þá var sár harmur að henni kveðinn. Og tvær systur, þær Herdís og Dóra létust á umliðnu hálfu öðru ári. Heilsa hennar var farin gefa sig, en öllu mætti hún með þeirri reisn og æðruleysi sem henni var svo ríkulega gefin. Hún naut ástúðar og umhyggju barna sinna og tengdabarna og var umvafin elsku hópsins síns allt til hinstu stundar. Guð launi það og blessi alla umhyggju, kærleika, hjálp og styrk hinna mörgu. Henni var hvíldin kærkomin og hún átti góða heimvon. Við gleðjumst með henni yfir því og þökkum það þeim sem öllu ræður. Sú stund kemur að Hann sameinar alla sem unnast í kærleikans eilífa veldi.

Hingað hugsa fjarstaddir ástvinir. Það eru Snævar Darri, Michelle og Nolan Darri og þau votta ykkur öllum ást sína og umhyggju. Eins fjölskylda Bjarna Þórissonar Bradwell í Kaliforníu og Ted Bradwell og fjölskylda í Washington. Bergþóra Sigurðardóttir sendir kveðjur sínar, en hún er stödd erlendis og Auður Alfredsdóttir Olsen og fjölskylda hennar í Danmörku, Steinn Jónsson og fjölskylda í Bandaríkjunum og Hrafnkell Hall og Hafdís dóttir hans í Noregi senda öll kveðjur og votta virðingu sína og þakkarhuga.

Aðstandendur Þóru biðja sérstaklega um að hér verði færðar þakkir þeim sem reyndust henni vel og auðsýndu umhyggju og elskusemi fyrr og síðar. Sérstaklega skal nefna Ingibjörgu Hermannsdóttur, nágranna hennar í Bólstaðarhlíðinni, sem og Hafdís, Mónu og öðru starfsfólki þjónustumiðstöðvar í Bólstaðarhlíð og þeim þakkað fyrir allt sem þau gerði til að létta Þóru síðustu sporin.

Það er bjart yfir mynd og minningu hennar Þóru. Minning góðrar móður, tengdamóður og ömmu sem frá degi til dags vakti yfir velferð ástvina sinna, varðveitið þið, börn hennar, barnabörn og ástvinir allir, í þakklátum hjörtum. Þær myndir og minningar lýsa og blessa.

Í fórum hennar fannst að henni látinni bréf sem hún hafði ritað börnum sínum þar sem hún segir: «Elsku börnin mín. Mér þykir svo vænt um ykkur. Ég veit ekki hvernig ég get þakkað ykkur fyrir alla þú umhyggju sem þið hafið sýnt mér. Verið góð hvert við annað...» Síðan tilgreindi hún það

lag sem hér verður sungið á eftir, sem kveðja hennar, *It's Time to Say Goodbye*.

Þakkát kvaddi hún. Í trú og von og kærleika sofnaði hún burt af heimi þegar stundin var komin. Í trú og von og kærleika er hún kvödd, í birtu hennar er kveðjan flutt og hvílan hinsta signd og myndir minninganna í frelsarans Jesú nafni. Amen. [*Skáletur er Más*]



Síðasta ósk Þóru

Mamma skildi eftir sig lítinn miða handa okkur systkinunum, svo sem fram kemur í minningarorðum sr. Karls. Þar segir hún: „Elsku börnin mín! Mér þykir svo vænt um ykkur. Ég veit ekki hvernig ég get þakkað ykkur fyrir alla þá umhyggju sem þið hafið sýnt mér. Verið góð hvert við annað. Nú ætla ég að leyfa ykkur að hlusta á fallett lag.“ Lagið var *It's Time to Say Goodbye*, sem Egill Ólafsson söng við útförina við undirleik Gunnars Gunnarssonar, strax að minningarorðum séra Karls loknum.

Flettið áfram!
Sálmaskráin er á næstu 2 síðum.



Þóra Þorvaldsdóttir

Fædd 18. febrúar 1925
Dáin 30. ágúst 2014



Útför frá Háteigskirkju
fimmtudaginn 18. september 2014

FORSPIL

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Matthías Jochumsson.

RITNINGARLESTUR

EINSÖNGUR

Litla flugan
Sigurður Elíasson - Sigfús Halldórsson

GUÐSPJALL



Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrellinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hólða grund.
Set, meýjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason
Þorkell Sigurbjörnsson

MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Time to say good bye
F. Sartori

BÆN OG FAÐIR VOR

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlið,
með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð?
Geym, Drottinn, okkar dýra land,
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð,
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ
hún unír grandvör, farsæl, fróð
og frjáls - við yzta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur liti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.

Hulda - Emil Thoroddsen.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi’ í Jesú nafni,
í Jesú nafni’ eg dey,
þó heilsa’ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti’ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540

BLESSUN

EFTIRSPIL

Ó, Jesús bróðir besti
A. P. Berggreen



Prestur:
Sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup
Organisti:
Gunnar Gunnarsson
Einsöngur:
Egill Ólafsson
Kór:
Tónbræður
Umsjón útfarar:
Sverrir Einarsson, Útfararstofa Íslands

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.

Jarðsett í Gufuneskirkjugarði.